



## Álagningarreglur útsvars og fasteignagjalda hjá Vopnafjarðarhreppi fyrir árið 2024

Álagning útsvars á tekjur ársins 2024 er 14,97%.

### Álagning fasteignagjalda 2024 verður ákveðin með eftirfarandi hætti.

I. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkti að fasteignagjöld fyrir árið 2024 verði lögð á sem hér segir:

II.

#### Fasteignaskattur á :

- Íbúðarhúsnæði og bújarðir. **0,625 %** af heildarfasteignamati
- Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. **1,65 %** af heildarfasteignamati
- Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn **1,32 %** af heildarfasteignamati

#### a) Vatnsgjald og fráveitugjald:

1. Vatnsgjald nemi **0,3%** af fasteignamati húss og lóðar.
  - Aukavatnsgjald skv. mæli er lagt á hvern rúmmetra vatns skv. gjaldskrá Vatnsveitu Vopnafjarðar. Grunnur gjaldsins er 45,0 kr á m<sup>3</sup> skv. grunnvísitölu október mánaðar 2020. Gjaldið uppreiknast á hverjum gjalddaga.
2. Fráveitugjald nemi **0,32 %** af heildarfasteignamati.

#### b) Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 2% af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

III.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir á grundvelli laga nr. 81./1988 IV. kafla

22. gr. að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2024. Sorphirðugjald verður **kr. 25.718,-** og **sorpeyðingargjald verður kr. 22.208,-** á íbúð eða samtals **kr. 47.926,-**. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Á hvert frístundahús (sumarbústað) greiðist þjónustugjald sem nemur 30% af fullu gjaldi sem samsvarar **kr. 14.378,-** enda geta notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Um gjöld að öðru leyti fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs á Vopnafirði fer samkvæmt samþykktum og gjaldskrá sem Vopnafjarðarhreppur hefur sett sér og tóku gildi á árinu 2011.

**Gjalddagar fasteignagjalda 2024** eru 10 og verða þeir 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september, 15. október og 15. nóvember. Eindagi er 30 dögum síðar.

**Athugið:** Ef fjárhæðir til innheimtu eru innan við kr. 25.000,- þá er einn gjalddagi 15. maí.

Álagningarseðill fasteignagjalda verður ekki sendur út á pappírformi. Hægt er að fletta honum upp á vefsíðunni [www.island.is](http://www.island.is). Einnig er hægt að óska eftir því að fá álagningar- og greiðsluseðla senda með því að senda tölvupóst á [skrifstofa@vfh.is](mailto:skrifstofa@vfh.is) eða hringja í síma 473 1300.

#### IV. Reglur um afslátt á fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega:

Sveitarstjórn heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt elli- og örorkulífeyrisþega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2023 skv. skattframtali 2024:

- a) Einstaklingar:  
Brúttótekjur 2023 allt að **kr. 3.415.796,-** 100% niðurfelling  
Brúttótekjur 2023 allt að **kr. 4.756.167,-** 50 % niðurfelling
- b) Hjón:  
Brúttótekjur 2023 allt að **kr. 5.062.294,-** 100 % niðurfelling  
Brúttótekjur 2023 allt að **kr. 5.639.936,-** 50 % niðurfelling

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna ( hinnar látnu) á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall. Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður. Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli árana 2023 og 2024 hefur sveitarstjórn heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt. Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku.

Samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 14. desember 2023

*Sara Elísabet Svansdóttir*

Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps

